



Velferðarráð

Afgreiðslubréf: Tillaga borgarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um að útrýma heimilisleysi

Á fundi borgarstjórnar 21. mars 2023 var samþykkt að vísa svohljóðandi tillögu borgarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands til meðferðar velferðarráðs:

Reykjavíkurborg samþykkir að útrýma heimilisleysi innan sinna marka. Staða og fjöldi heimilislausra verði kortlögð og í kjölfarið verði farið í stórfellda uppbyggingu á félagslegu og öðru viðeigandi húsnæði. Einnig er lagt til að bætt verði við stuðningi eftir þörfum, fyrir þau sem eru að stíga inn úr heimilisleysi. Tryggt verði að þau sem þurfi á að halda fái stuðning frá velferðarsviði ásamt viðeigandi húsnæði. Jafnframt lýsi borgaryfirvöld því yfir að heimilisleysi sé samfélagslegt mein sem beri að uppræta með öllu.

Það tilkynnist hér með.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Sósíalistaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna sátu hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarfulltrúar Sósíalistaflokks Íslands lögðu fram svohljóðandi bókun:

Hér var lagt til að Reykjavíkurborg setti sér markmið og hæfi uppbyggingu í þeim tilgangi að binda enda á heimilisleysi innan sinna marka. Slíkt sjáum við takast með góðum árangri í höfuðborg Finnlands, og vilja Sósíalistar fara að því fordæmi sem þar er sett. Best hefði farið á því að samþykkja tillöguna í borgarstjórn í stað þess að vísa til velferðarráðs. Viljinn er allt sem þarf og ef hann er skýr getur borgin samþykkt að ganga í verkin. Því miður var ekki vilji til að staðfesta efni þessarar tillögu hér og nú.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Auðvitað á að útrýma heimilisleysi og fátækt. Útrýming fátæktar er kjarninn í stefnu Flokks fólksins og hefur flokkurinn barist gegn fátækt bæði í borgarstjórn og á Alþingi. Til að útrýma fátækt þarf þessi meirihluta að endurraða verkefnum í þágu fólksins í stað glæsibygginga og torga. Hér er vísað í Grófarhús og Lækjartorg sem hefja á hönnun og framkvæmdir við á þessu ári með tilheyrandi tugi milljóna kostnaði. Á meðan stækkar sá hópur sem á hvergi heima, sem býr við fátækt og sem bíður eftir nauðsynlegri þjónustu, lögbundinni og annarri þjónustu. Í mars 2022 spurði fulltrúi Flokks fólksins um fjölda heimilislausra í kjölfar þess að COVID var þá á undanhaldi. Fyrir liggja upplýsingar um að árið 2021 voru 301 heimilislaus í Reykjavík, þar af 54% í húsnæði (getur verið sjúkrahús, fangelsi, áfangaheimili), 3% á víðavangi og 31% í reglubundinni neyðargistingu. Staðan hefur versnað ef eitthvað er. Smáhýsin eru aðeins að hluta til komin í gagnið. Heimilisleysi þeirra sem eru með flóknar þjónustubarfarir urðu hvað mest áberandi þegar fólk sem leitaði skjóls í gistiskýlum borgarinnar var vísað út ákveðinn tíma dags þegar kuldinn beit hvað mest í vetur. Sem betur fer var tekin ákvörðun um sólarhringsopnun en aðeins tímabundið.

Borgarfulltrúi Vinstri grænna lagði fram svohljóðandi bókun:



Reykjavíkurborg

Fulltrúi Vinstri grænna fagnar tillögu Sósíalistaflokksins um að útrýma heimilisleysi. Á liðnum árum hefur mikil vitundarvakning átt sér stað í þessum málaflokki. Hugmyndafræðin um húsnæðið fyrst hefur sannað gildi sitt og með skaðaminnkandi nálgun í þjónustu við heimilislausa er hægt að bæta til muna lífsgæði einhvers jaðarsettasta hóps þjóðfélagsins. Húsnæði fyrir alla er mannréttindamál.

Helga Björk Laxdal
e.u.

Hjálagt:

Tillaga borgarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands